



310. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í E-fundarsal í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal fimmtudaginn 26. ágúst 2021 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Ása Ólafsdóttir og Ásdís Hjálmsdóttir Annerud.

Dagskrá:

1. Ólympíuleikarnir í Tókýó

Forseti og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí fóru yfir aðstæður, aðbúnað og þátttöku Íslands í Ólympíuleikunum í Tókýó.

Leikarnir voru um margt sérstakir, ekki síst í ljósi þess að engir áhorfendur voru leyfðir á viðburðum. Þeir tókust þó vel og allt sem sneri að þátttakendum í leikunum var gekk mjög vel. Lífið í Ólympíuþorpinu gekk nokkuð eðlilega fyrir sig þrátt fyrir að ýmislegt hafi verið óvenjulegt, líkt og dagleg COVID-19 próf, grímuskylda og takmarkanir á ferðafrelsi.

Æfingabúðirnar í Tama City voru vel heppnaðar og var almenn ánægja meðal þeirra sem þar dvöldu með móttökurnar og aðbúnað.

2. Afreksstefna ÍSí

Forseti ræddi gagnrýni sem fram kom á Afreksstefnu ÍSí í þáttum sem sýndir voru á RÚV í tengslum við útsendingar frá Ólympíuleikunum í Tókýó.

Hann rifjaði upp að Afreksstefna ÍSí er alltaf til umfjöllunar á Íþróttapingum og þannig vel kynnt fyrir sambandsaðilum. Hann sagði úthlutunarreglur Afrekssjóðs ÍSí hafa tekið miklum breytingum á síðustu árum, í kjölfar aukins fjármagns frá stjórnvöldum til Afrekssjóðs ÍSí. Hann rifjaði einnig upp þá víðtæku samvinnu sem var við fagaðila úr ýmsum áttum, bæði erlendis og hérlendis, við endurskoðun stefnunnar á sínum tíma.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur frá því að fjármagnið var aukið í sjóðinn þá sagði forseti góða tímasetningu núna til að endurskoða stefnuna og úthlutunarreglur sjóðsins. Forseti mun funda með A/Afrekssársamböndum í næstu viku varðandi afreksmál í ljósi þeirrar umræðu sem verið hefur.

Miklar umræður urðu um málið og flesta fleti þess, svo sem aðferðarfræði við úthlutanir úr Afrekssjóði, fjárhagslega þætti, tækifæri og áskoranir, grasrótarstarfið, aðkomu sársambanda, umhverfi afreksíþróttafólks á Íslandi, breytingar í samfélaginu, Afreksmiðstöð, svo eitthvað sé nefnt.

3. Fagsvið ÍSÍ

Pórey Edda Elísdóttir formaður fagsviðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni á sviðinu. Unnið hefur verið að tryggingamálum afreksíþróttafólks í kjölfar niðurstöðu vinnuhóps um þau mál. Sviðið hefur einnig verið að funda með sérsamböndum og framundan eru frekari fundir með sambandsaðilum.

Stutt er í Vetrarólympíuleikana í Beijing og undirbúningur er í fullum gangi. Einnig eru Ólympíuhátíðir Evrópuæskunnar á næsta ári.

Viðar Garðarsson formaður fagraðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ skýrði frá helstu verkefnum sviðsins. Framundan eru meðal annars Göngum í skólann, Hjólum í skólann, Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ og Íþróttavika Evrópu. Allt starf sviðsins er í skoðun og talsverðar breytingar í farvatninu.

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir formaður fagraðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Þjálfaramenntun ÍSÍ verður nú keyrð á nýju menntunarkerfi, Canvas, sem býr upp á spennandi nýjungar. Þátttakan í sumarnámið var mjög góð.

Erasmus+ verkefnið verður formlega ræst með fundahaldi og námskeiði í byrjun september. Ólympíuhlaupið 2021 verður ræst í samstarfi við Grunnskólann á Reyðarfirði 9. september nk. Hádegisfundur verður haldinn í Háskólanum í Reykjavík á morgun um hvernig hægt er að efla félags- og tilfinningalega færni í gegnum íþróttir.

Stjórnendanámskeið verður haldið 22.-24. september nk. og stendur skráning nú yfir.

Fyrir fundinum lá, til kynningar, skýrsla um endurskoðun þjálfaramenntunar ÍSÍ. Úlfur H. Hróbjartsson stýrði vinnuhópnum sem vann það starf og fylgdi hann skýrslunni úr hlaði og skýrði niðurstöður.

4. Fjárhagslegar upplýsingar

Gunnar Bragason gjaldkeri lagði fram og fór yfir rekstur ÍSÍ sem er í góðu jafnvægi.

5. Afsögn stjórnarmanns

Forseti skýrir frá því að Ása Ólafsdóttir hafi formlega sagt sig frá starfi framkvæmdastjórnar ÍSÍ, í ljósi starfa hennar sem dómari í Hæstarétti Íslands.

Engir varamenn eru kjörnir í stjórn ÍSÍ. Forseta falið að skoða hvaða möguleikar gætu verið í stöðunni varðandi mönnun stjórnar, með hliðsjón af lögum ÍSÍ.

6. Málefni COVID-19

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála og kynnti drög heilbrigðisráðuneytis að nýrri reglugerð um takmarkanir á samkomum. Nokkrar tilslakanir eru í kortunum er lúta helst að fjölda áhorfenda á viðburðum.

7. Stofnþing Klifursambands Íslands

Stofnþing nýs sérsambands, Klifursambands Íslands, verður haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal mánudaginn 27. september nk. kl. 17:00.

Skrifstofa ÍSÍ boðar til þingsins og heldur utan um allan undirbúning.

Komin er fram tillaga um skipan stjórnar og drög að lögum sambandsins.

8. Framhaldsþing ÍSÍ

Framhaldsþing 75. Íþróttabings ÍSÍ verður 9. október nk. í Gullhömrum. Þingnefndir munu starfa í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal síðdegis þann 8. október.

Farið var yfir tillögurnar fimm sem liggja fyrir þinginu:

- Tillaga um breytingar á lögum ÍSÍ.
- Tillaga um breytingu á þingsköpum ÍSÍ.
- Tillaga um skráningarmál í íþróttahreyfingunni.
- Tillaga um skilgreiningu á rafíþróttum.
- Tillaga um Afreksstefnu ÍSÍ.
- Tillaga um breytingar á skiptingu tekna frá Íslenskri getsþá.

Almennar umræður urðu um tillögurnar og stöðu mála.

Stefnt er að því að bjóða til kvöldverðar eða móttöku að þingi loknu.

9. Nordic Sports Meeting á Álandseyjum

Árlegur norrænn fundur íþrótt- og Ólympíusamtaka á Norðurlöndum verður haldinn 9. - 11. september á Álandseyjum. Óvissa er um mætingu í ljósi kórónuveirufaraldurs.

Samþykkt að allt að sex fulltrúar sæki fundinn fyrir hönd ÍSÍ, þ.e. þrír stjórnarmenn og þrír starfsmenn.

10. Samningur við Abler um skilakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Gjaldkeri skýrði frá því að formleg undirritun samnings við Abler fari fram 3. september nk. Stefnt er að því að sýna drög að kerfinu á framhaldsþingi ÍSÍ í október.

Skrifstofustjóri skýrði frá því að starfsskýrsluskil væru komin í 97% og ekki kæmi til keppnisbanns á félög þetta árið.

11. Samningar um miðasölu fyrir París 2024

Framkvæmdastjóri kynnti nýtt fyrirkomulag miðasölu fyrir Ólympíuleikana í París. Miðasala til almennings verður ekki lengur á höndum Ólympíunefnda heldur miðlæggar miðasölu skipuleggjenda. Ólympíunefndum verður eftir sem áður gefinn kostur á að panta miða fyrir gesti.

12. Málefni aðildarfélags ÍBA

Framkvæmdastjóri kynnti erindi frá Æskulýðsvettvanginum varðandi málefni Kraftlyftingafélags Akureyrar. Einnig var kynnt minnisblað frá Íþróttabandalagi Akureyrar um úttekt á starfsemi félagsins.

Rætt um þær heimildir og þá heldur skort á heimildum sem íþróttahreyfingin hefur til að taka á ýmsum aðstæðum sem komið geta upp í starfi hreyfingarinnar.

Samþykkt að skipa vinnuhóp til að skoða ferla og heimildir til aðgerða þegar upp koma ásanir um brot og mun Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir verða í forsvari fyrir vinnuhópinn. Kolbrún mun hafa samráð við samskiptaráðgjafa.

13. Stefnumótun

Forseti fór yfir forsöguna. Gjaldkeri sýndi glærur með hugmyndum að breytingum á skipulagi og breyttum áherslum á ýmsum sviðum.

Umræður urðu um hugmyndirnar og þá forvinnu sem unnin hefur verið. Samþykkt að vinna tillögu að breytingu á lögum varðandi stoðsvið ÍSÍ til að leggja fram á framhaldsþingi 75. Íþróttapings ÍSÍ í október, svo að rými skapist til breytinga á skipulagi í stefnumótunarvinnunni sem framundan er.

Samþykkt að halda áfram að vinna út frá þeirri grunnvinnu sem þegar hefur verið unnin og funda fljótlega aftur um málið.

14. Heiðranir

Rafræn ákvörðun framkvæmdastjórnar um eftirfarandi heiðranir á 100. ársþingi UDN staðfest.

Silfurmerki ÍSÍ: Margrét Jóhannsdóttir og Ingibjörg Jóhannsdóttir

Gullmerki ÍSÍ: Heiðrún Sandra Grettisdóttir, formaður UDN.

Garðar Svansson afhenti viðurkenningarnar á ársþinginu í dag.

15. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ viku af fundi.

Forseti skýrði frá því að Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri hefði látið í ljós áhuga á að gera breytingar á starfi sínu fyrir ÍSÍ. Sameiginleg ákvörðun hafi því verið tekin um að hún láti af störfum sem framkvæmdastjóri ÍSÍ 1. október nk. en verði áfram í ákveðnum verkefnum fyrir sambandið. Líney Rut situr í ýmsum nefndum og ráðum fyrir hönd ÍSÍ, bæði héraðs og erlendis og er gert ráð fyrir því að hún haldi áfram þeim störfum, eftir því sem við á.

Forseti rifjaði upp að Líney Rut hefur starfað hjá ÍSÍ samtals í um 20 ár og þar af sem framkvæmdastjóri í 14 ár. Hann sagði sambandið vera mjög þakklát fyrir hennar miklu og óeigingjörnu störf sem hún hefur unnið á þessum langa starfstíma og hafa miklar væntingar um að hún taki að sér verkefni fyrir sambandið í framtíðinni.

Forseti óskaði eftir umboði til að ganga frá starfslokasamningi við Líneyju Rut, jafnframt því að skilgreina nánar þau verkefni sem hún mun vinna að fyrir ÍSÍ.

Samþykkt að veita forseta umbeðið umboð.

Andri Stefánsson, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, sem einnig er staðgengill framkvæmdastjóra, mun taka við störfum Líneyjar Rutar. Stefnt er að formlegu ráðningarferli á næstu mánuðum.

Fundarmenn tóku undir orð forseta og þökuðu Líneyju Rut vel unnin störf í þágu sambandsins og íþróttahreyfingarinnar í landinu sem framkvæmdastjóri ÍSÍ.

Forseti ítrekaði að þetta væri trúnaðarmál þar til búið væri að tilkynna starfsfólki ÍSÍ fréttirnar og senda tilkynningu á fjölmiðla og til sambandsaðila ÍSÍ.

16. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 308. og 309. fundur framkvæmdastjórnar
- 7. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Fundar Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ frá 25. ágúst 2021
- Skýrsla vinnuhóps um endurskoðun þjálfaramenntunar

17. Viðburðir framundan

Farið fyrir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

18. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur er áætlaður 16. september nk. á hefðbundnum tíma.

19. Önnur mál

Samningur við Icelandair

Framkvæmdastjóri kynnti drög að samningi við Icelandair, bæði varðandi innanlandsflug og eins afsláttarkjör á ferðum á flugleiðum Icelandair til annarra landa.

Samningur við Íslenska getspá

Framkvæmdastjóri kynnti drög að samningi við Íslenska getspá.

Fleira var ekki gert.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.